




SKÁLAR Á LANGANESI

*Merkar minjar horfinna tíma
Curious remains of times past*



SKÁLAR Á LANGANESI



Rústir mannvirkja á Skálum Ruins at Skálur

- | | | | |
|---|------------------------------|---------------------|--|
| 1. Efri-Skálur | 11. Hvíta húsið | 21. Brunnur | 31. Laufás |
| 2. Hof | 12. Íshúsið | 22. Sólbakki | 32. Verbuð |
| 3. Valdahús / Þorvaldsstaðir / Valdakofi | 13. Tótu- og Ragnarshús | 23. Gömlu-Skálur | 33. Fjárhús |
| 4. Helgimundarbær | 14. Sólvangur | 24. Betlehem | 34. Stefánshús |
| 5. Glæsibær / Helguhús / Helgu- og Stefánshús | 15. Hús Fanneyjar og Þorláks | 25. Bakki | 35. Sigurveigarhús / Björns Brimarshús |
| 6. Torfrúst | 16. Bifröst | 26. Snjóhús | 36. Grafreitir |
| 7. Tryggvakofi / Brekka | 17. Ker | 27. Brunnur | 37. Camp Greely |
| 8. Jóelshús / Jóelskofi | 18. Pottar | 28. Öfund | |
| 9. Oddi | 19. Bryggjan | 29. Hlaðinn brunnur | |
| 10. Hólar | 20. Bankahúslöft | 30. Mógrafir | |



Ljósmyndasafn Íslands / The National Museum Collection of Photographs and Prints.

Skálur um 1940. Sólbakki lengst til vinstri, Bankahúsloft fyrir miðri mynd og út frá því bryggjan. Yst til hægri gengur varnagarðurinn í sjó fram.
Skálur around 1940. At far left is Sólbakki; Bankahúsloft, from which the pier extended, is in the center, the dike is farthest to the right.

Velkomin að Skálum

Í þorpinu á Skálum er að finna minjar um líf sem var. Hér stóð blómlegt þorp þar sem íbúarnir byggðu afkomu sína á útgerð. Breyttar aðstæður í útgerð og samgöngum, tundurduflasprengingar og ýmislegt fleira varð til þess að á sjötta áratug síðustu aldar lagðist byggðin hér af.

Inn í sögu þorpsins fléttast áhrif hlunninda á búsetu, síðari heimsstyrjöldin, breytingar á samgöngum, örlög einstakra fjölskyldna og margt fleira.

Skálur eru í einkaeign. Afkomendur Lúðvíks Jóhannssonar og Jóhönnu Hansen, síðustu ábúenda á Skálum, eiga jörðina.

Þessi bæklingur er til þess ætlaður að fólk geti gengið með hann um þorpið, skoðað þær minjar sem hér eru og fræðst um leið. Margar rústanna eru merktar með númeri og nafni.

Gestir að Skálum eru vinsamlegast beðnir um að sýna minjunum virðingu, spilla engu og skilja ekki eftir sorp.

Bent er á að í gestastofu í Sauðaneshúsi á Langanesi er uppi sýning um sögu byggðar á Langanesi.

Welcome to Skálur

What remains of the village of Skálur are remnants of a life that used to be: a thriving community whose livelihood depended on the sea. Changing conditions in the fishing industry and transportation, the explosions of maritime mines, and other factors led to the abandonment of the settlement in the 1950s. Intertwined with the village's history are the factors that made Skálur an appealing place to live, its role in World War II, changes in transportation, the lives of individual families, and much more.

Each house in Skálur had its own name, usually derived from the names of its inhabitants, the type of house it was, as well as its size and characteristics.

This booklet has been prepared specifically for visitors to be able to walk around the village and appreciate the relics and ruins. Some of the ruins have been marked with a number and name.

We kindly ask visitors not to litter and to treat the remains of these former dwellings with the respect they deserve.

In addition, we recommend that guests also visit Sauðaneshús in Langanes, part of the Historic Buildings Collection of the National Museum of Iceland.



1. Efri-Skálar

Bær þessi var ýmist kallaður Efri-Skálar eða Nýju-Skálar. Jóhann Stefánsson byggði húsið árið 1920. Það var tvílyft timburhús, kjallari undir því öllu, og kvistur var á húsínu. Þrjú herbergi voru uppi og stórt eldhús niðri. Eldavél heimilisins var svo stór og þung að reisa þurfti sérstakar stoðir undir gólfíð þar sem hún stóð. Þangað fluttist Jóhann ásamt eiginkonu sinni, Maríu Friðriksdóttur, og tólf börnum þeirra, en þau eignuðust alls sautján börn. Húsráðendur árið 1940 voru Guðmundur Guðbrandsson og Kristín Daniélsdóttir.

Eftir að fólk tók að fækka á Skálum var skólinn færður frá Bifröst og yfir í Nýju-Skálar. Skálar fóru í eyði um sinn árið 1946 en á árunum 1948–1955 var aftur búið á Skálum. Á því tímabili bjuggu þar m.a. sitt hvort árið tvær fjölskyldur. Fyrri hjónin sem komu voru Guðmundur Guðbrandsson og Kristín Daniélsdóttir; þau seinni Magnús Hlíðdal og Halldóra Sigurðardóttir. Magnús og Halldóra höfðu með sér rakstrarvél og sláttuvél sem enn eru á Skálum.

Eina rafvæðingin sem nokkurn tíma varð á Skálum var vindrella sem Magnús setti upp og gaf ljós á eina peru í eldhúsínu á Efri-Skálum.

2. Hof

Húsið, sem var byggt árið 1927, var steinsteypt, 8,16 x 7,20 metrar að flatarmáli og skipt-ist í fimm herbergi. Við það var síðar byggð forstofa úr timbri. Hjónin Haraldur Krüger og Kristjana Konkordía Jóhannesdóttir byggðu húsið og bjuggu þar. Haraldur og Kristjana fluttu að Skálum árið 1924. Kristjana var ljósmóðir þorpsins og Haraldur vélstjóri í frysti-húsi Jóhanns M. Kristjánssonar.

3. Valdahús / Þorvaldsstaðir / Valdakofi

Húsið var byggt árið 1916 og var 8,78 x 3,76 metrar að grunnfleti, torfveggir á þrjá vegu en ein timburhlið og timburstafnar ofan við bita. Þorvaldsstaðir voru í daglegu tali kall-aðir Valdahús eða Valdakofi, en á einhverjum tíma einnig kallaðir Jónasarhús. Eigandi Þorvaldsstaða í upphafi var Þorbjörn Arnljótsson, kaupmaður á Þórshöfn, en að fáum árum liðnum keypti Þorvaldur Kr. Kristjánsson formaður bæinn. Hann fluttist að Skálum árið 1914 ásamt eiginkonu sinni, Hallbjörgu Daniélsdóttur.

Hjónin Sigurður Einarsson formaður og Þórdís Stefánsdóttir, systir Jóhanns bónda á Skál-um, bjuggu um tíma í bænum (1913–1914). Sigurður kom frá Eyjafirði árið 1910, þá 17 ára gamall, sem vinnumaður til Jóhanns bónda. Þar kynntist hann Þórdísi, kvæntist henni og þau stofnuðu heimili.

1. Efri Skálar (Upper Skálar)

A two-story timber house, Efri Skálar had a basement under the entire ground floor as well as a loft above. There were three rooms on the upper floor and a large kitchen downstairs. The kitchen stove was so large and heavy that special supports had to be placed under the floor where it stood. A married couple and their seventeen children lived here, but as the number of people in the household decreased, neighborhood children were taught in the house. Efri Skálar was abandoned in 1946, but between 1948 and 1955 it was inhabited again by two families that each lived in the house for a year. The only time electricity was used in Skálar was when one of the last residents constructed a windmill that provided energy for one light bulb in the kitchen.

2. Hof

Built in 1927, this concrete house was 8.16 long x 7.2 meters wide and was divided into five rooms, with a wooden entrance hall attached. The village midwife lived here with her husband, a mechanic at the icehouse.

3. Valdahús / Þorvaldsstaðir / Valdakofi (Valdi's House/Þorvaldur's House)

This house was built in 1916 and was 8.78 x 3.76 meters in size. Three of its walls were turf and one was timber. The house was known by at least four different names, depend-ing on its inhabitants. Among other residents, a family of five once lived here.

**Á Skálum var hvorki kirkja né klerkur.
Kristnihald á Skálum annaðist presturinn á Sauðanesi.**

**Skálar had neither a church nor a priest;
a priest from Sauðanes served in the village.**



4. Helgimundarbær

Helgimundarbær var lítill torfbær, aðeins 3,13 x 2,51 metri að flatarmáli, og var byggður á einum degi. Seinna var reist geymsla við kotið. Húsráðendur í Helgimundarbæ 1920 og 1930 voru Helgimundur Pétursson verkamaður og Margrét Magnúsdóttir.

5. Glæsibær / Helguhús / Helgu- og Stefánshús

Glæsibær var lítið torf- og timburhús sem í daglegu tali var kallað Helguhús, eða Helgu- og Stefánskofi. Þar bjó árið 1920 Líforius Siggeirsson formaður og ráðskona hans, Helga Stefánsdóttir, systir Jóhanns bónda.

6. Torfrúst

Óvíst um hlutverk, gæti verið útihús eða lítill torfbær.

7. Tryggvakofi / Brekka

Hjónin Tryggvi Illugason sjómaður og Kristjana Vigfúsdóttir byggðu Tryggvakofa árið 1927. Húsið, sem var úr torfi og timbri var lítið, aðeins tveggja herbergja. Tryggvi og Kristjana bjuggu í húsinu í tvö eða þrjú ár. Þá fluttu þau frá Skálum og húsið stóð lengst af ónotað.

8. Jóelshús / Jóelskofi

Jóelshús, eða Jóelskofi, var lítill torfbær með trégólfu. Vatn var sótt í brunninn fyrir neðan bæinn. Innangengt var úr bæjargöngunum og í fjósið. Þar bjuggu árið 1930 Jóel Hannesson og Margrét Guðbrandsdóttir, sem reistu húsið. Seinna bjuggu þar Þórunn Guðmundsdóttir og Ragnar Marínó Jónasson.

9. Oddi

Sæmundur Illugason smiður byggði Odda árið 1926 og flutti í húsið ásamt eiginkonu sinni, Kristínu Guðbrandsdóttur. Húsið var timburhús, 7,53 x 5,8 metrar að grunnfleti, með svokölluðu forskyggni. Árið 1939 keyptu Þorsteinn Ólafsson og Þuríður Jónsdóttir húsið. Þau fóru frá Skálum 1941 eftir að allar rúður í húsinu brotnuðu í sprengingu sem varð þegar tundurdufl rak á fjöruna. Árið eftir var húsið tekið niður og endurbyggt á Þórshöfn. Þar stendur það enn og nefnist Ásgarður.

4. Helgimundarbær (Helgimundur's House)

Helgimundarbær was a small turf house, 3.13 x 2.51 meters, that was built in one day. A storage room was later added to the cottage. A family of three lived here, and the man of the house was a laborer.

5. Glæsibær / Helguhús / Helgu og Stefánshús (Helga and Stefán's House)

Glæsibær was a small turf and timber building. A married couple lived there with their daughter.

6. Torfrúst (Turf ruins)

The purpose of these ruins is unknown; the building was possibly a shed or a small turf house.

7. Brekka/Tryggvakofi (Tryggvi's Cottage)

Tryggvi Illugason, a fisherman, and his wife built Tryggvakofi in 1927. The small two-room house was made from turf and timber. The couple and their two children lived here for two or three years, but most of the time the house remained vacant.

8. Jóelshús / Jóelskofi (Jóel's House / Cottage)

Jóelshús, or Jóelskofi, was a small turf house with a wooden floor. Water was collected from an outside well. A covered passageway connected the cowshed to the house.

9. Oddi

Built in 1926, Oddi was a wooden house 7.53 x 5.8 meters in size, including the porch. All of the building's windows were broken in 1941 when a naval mine exploded on the nearby shore, at which point the residents moved out. The following year Oddi was dismantled and rebuilt in Þórshöfn, the village nearest to Skálur, where it still stands.



Ljósmyndasafn Íslands / The National Museum Collection of Photographs and Prints.

Í lendingunni að Skálum. Skálabjarg efst til hægri. / Landing at Skálar. The cliff Skálabjarg is at upper right.

Fjölskyldulífið

Líf fjölskyldnanna á Skálum var líkt og í mörgum öðrum sjávarþorpum, tengt útgerð órjúfanlegum böndum. Karlmennirnir sóttu sjóinn hvenær sem færi gafst, að afla lífs- viðurværis. Á sumrin réru þeir frá Skálum en á veturna voru þeir í verstöðvum við suður- strönd landsins. Húsmóðirin var því í aðalhlutverki hvað varðaði heimilishald, uppeldi barna og búskap. Flestar eða allar fjölskyldur á Skálum voru með eitthvað skepnuhald til að sjá heimilinu fyrir fæði og klæðum; nokkrar kindur, eina eða tvær kýr og jafnvel hest. Heimilisfeðurnir hafa þó verið heima við til að sinna heyskap og slátrun.

Family life

The lives of the families in Skálar were similar to those in many other fishing villages: inextricably linked with the fishing industry. The men went out to sea as much as possible for their livelihood and sustenance. In the summer, they sailed from Skálar, but in the winter they stayed in fishing stations on the southern coast of Iceland. Wives thus played the main role in terms of the household, raising the children, and farming. Most, if not all, of the families in Skálar owned farm animals—a few sheep, one or two cows, and even a horse—to provide food, clothing, and transportation for the household. It appears that the men nevertheless attended to the harvest and the annual slaughter.

10. Hólar

Hólar stóðu á bakkanum neðan við Odda. Guðmundur Guðbrandsson og Guðbjörg Óladóttir fluttu þangað úr Brimnesi. Þau áttu saman fjögur börn en Guðbjörg lést í mislinga-faraldri þegar hún gekk með fimmta barnið. Guðmundur tók seinna saman við ráðskonu sína, Kristínu Daníelsdóttir. Guðmundur og Kristín bjuggu víðs vegar um Skála, í Strandhöfn, Hólum, Betlehem, Stefánshúsi, Hvíta húsinu og síðast byggði Guðmundur upp Efri-Skálar. Þorsteinn Ólafsson og Þórunn Jónsdóttir bjuggu síðar í Odda. Þau notuðu gamla Hólabæinn sem fjós.

11. Hvíta húsið

Í Hvíta húsinu bjó Guðmundur Guðbrandsson um tíma ásamt seinni konu sinni, Kristínu Daníelsdóttur. „Tundurduflaveturinn mikla“ flúðu þau úr húsinu upp í frystihúsið og sváfu þar. Húsið féll saman í einni sprengingunni.

12. Íshúsið

Þorsteinn Jónsson útgerðarmaður lét byggja íshúsið. Hann lenti síðar í áföllum í rekstrinum, sem urðu til þess að árið 1918 seldi hann kaupmönnum á Seyðisfirði stærstan hluta eigna sinna, þ.á.m. íshúsið. Þeir kaupmenn stofnuðu síðan Öldufélagið, sem starfaði á Skálum til 1929 að það varð gjaldþrota.

Síldin var fryst í pönnum í öðrum enda hússins og snjór var í hinum. Húsið var fyllt af ís á vetrum sem á sumrin var seldur Færeyingum og íslenskum sjómönnum. Allmörg snjöhús voru á Skálum sem heimamenn söfnuðu snjó í á vetrum til að selja útgerðarmönnum á sumrin. Við hliðina á íshúsinu stóð annað frystihúsið sem byggt var á Íslandi.

Jóhann M. Kristjánsson sigldi til Danmerkur 1922 og skoðaði þar frystivélur en hann hafði mikinn áhuga á að fá slíkar vélar til Skála. Hann keypti vélar sem komu til Íslands árið 1923. Þá um sumarið lét Jóhann byggja 14,5 x 5,3 metra timburhús á steiptum grunni yfir vélar. Á sínum tíma var fiskurinn fluttur í sporvagni frá bryggjunni í frystihúsið. Ef vel er að gáð, má enn finna sporið fyrir vagninn. Skálabúar byggðu vatnsstokk frá Arnarvatni sem flutti vatn til að kæla vélar. Vélar voru síðar teknar úr húsinu og fluttar í frystihúsið á Raufarhöfn. Grunnur frystihússins er á bakkanum vestan við íshús Öldufélagsins.

10. Hólar

Hólar stood on the banks below Oddi. A married couple lived here with their four children, but the woman died during a measles epidemic while she was carrying their fifth child. Her husband was later remarried to the housekeeper, and they had five children together.

11. Hvíta húsið (The White House)

During the winter of the naval mine explosions on the shores of Skálar, the inhabitants of Hvíta húsið fled to the icehouse and slept there. The house collapsed during one of the explosions.

12. Íshús Öldufélagsins (The Icehouse)

One of the most influential ship owners in the village had this icehouse built. Herring was frozen in one end of the building and snow was kept at the other. During the winter the house was filled with ice, which was sold in the summer to Faeroese and Icelandic fishermen. There were quite a few snow houses in Skálar where villagers collected snow to sell to boat owners in the summer. Next to the icehouse stood one of two freezing plants built in Iceland. The aforementioned ship owner purchased the equipment in Denmark, and the machines were brought to Iceland in 1923. That summer, a 14.5 x 5.3 meter timber house was built on a concrete foundation for the machines. At that time, fish was transported in carts from the pier to the freezing plant; if you look closely, you can still see the wagon tracks. A water pipe was laid from lake Arnarvatn—considerably far from the town—to obtain water to cool the machines.

Ljós móðir var lengi á Skálum en enginn læknir. Herlæknirinn í Camp Greely kom heimamönnum oftast en einu sinni til bjargar í neyð.

A midwife lived for quite a while in Skálar, but there was no doctor. An army doctor from Camp Greely came to the villagers' aid more than once when they were in need.



Ljósmyndasafn Íslands / The National Museum Collection of Photographs and Prints.

Glaðbeittir fiskimenn komnir með aflann að landi heim að Skálum. Húsið lengst til vinstri er Sólbakki, í miðið er sjóbúð og lengst til hægri er Bankahúslöft. Í síðartöldu húsunum var beitt í kjallaranum.

Lively fishermen return to Skálur with their catch. The house at far left is Sólbakki, in the middle is a fishermen's station, and at far right is Bankahúslöft. Hooks were baited in the basement of the latter two buildings.

13. Tótu- og Ragnarshús

Hús þetta var einnig kallað Litla steinhúsið. Þar bjuggu síðast Þórunn Guðmundsdóttir og Ragnar Jónasson, en hann keypti það af Birni Kristjánssyni í Skoruvík. Húsið var ekki stórt, en allt pláss var þar nýtt. Var til dæmis notað svokallað „borðrúm“, rúm sem á morgnana var snúið við og myndaði þá nokkurs konar borð. Þórunn og Ragnar áttu nokkrar kindur og eina kú. Búskapurinn var einungis ætlaður til heimilisins eins og hjá flestum Skálábúum. „Tundurduflaveturinn mikla“, þegar tundurdufl sprangu í fjörunni við Skálar, bjó fjölskyldan úr Odda einnig í húsinu.

14. Sólvangur

Timburhús með steypum kjallara, byggt árið 1927. Húsið, sem var 6,90 x 5,64 metrar, skiptist í fjögur herbergi og forstofu.

Húsráðendur í Sólvangi 1930 voru Þorlákur Árnason og Fanney Jónsdóttir. Fanney sá um símstöðina á Skálum, sem starfrækt var heima hjá þeim hjónum. Þorlákur er ýmist titlaður útgerðarmaður, kaupmaður eða bóndi í húsvitjunarbók og mun hann hafa fengist við öll þau störf.

15. Hús Fanneyjar og Þorláks

Hjónin Fanney Jónsdóttir og Þorlákur Árnason byggðu þetta hús, en það brann í byggingu og var ekki endurbyggt. Fanney og Þorlákur bjuggu í Sólvangi.

16. Bifröst

Í Bifröst voru sjóbúðir. Þar bjuggu færeyskir sjómenn meðan á sumarvertíð stóð. Veturinn 1943 var Jóhanna Hansen þar til húsa. Bifröst var seinna endurbyggð á Þórshöfn af Guðmundi Guðbrandssyni.

„...hér var á tíma Norðmaður sem bjó hérna í húsi sem hét Bifröst og stóð hérna fyrir neðan. Og við notuðum okkur það óspart við strákarnir. Við stálum frá honum kallinum alveg eins og við gátum. Súkkulaði og sigarettum, heyrðu og svo vorum við allir flengdir fyrir ódæðið.“

„Það var, ég man eftir því, að það var kennt hérna niðri í húsinu. Bifröst. Þar var stofa og þar kenndu þeir. En það var nú ekki alltaf hlýtt þar inni á veturna. Það fraus í döllunum bara.“

Georg Ragnarsson, fyrrum íbúi á Skálum.

13. Tótu og Ragnarshús (Tóta and Ragnar's House)

This house was also called “the little stone house”; a couple and their four children lived here. Though the house was not large, all its space was used: for example, there was the so-called “table bed,” a bed that in the mornings was turned around to form a table. The family had a few sheep and one cow, and as with most of the residents of Skálar, farming was for self-sufficiency alone. During the winter of the naval mine explosions on the shores of Skálar, a second family lived in the house as well, but that family had to evacuate because of the explosions.

14. Sólvangur

Built in 1927, Sólvangur was a wooden house with a concrete basement. The house, which measured 6.9 x 5.64 meters, was divided into four rooms and a small entrance hall.

The woman who lived here was the village telephone operator; her husband worked as a ship owner, shopkeeper, and farmer.

15. Hús Fanneyjar og Þorláks (Fanney and Þorlákur's House)

A young couple built this house for themselves, but before it was completed the building burned to the ground and was not rebuilt. The couple continued to live in the house known as Sólvangur.

16. Bifröst

This house served as a fishermen's station; Faeroese fishermen lived here during the summer fishing season. It was later rebuilt in Þórshöfn.

Rafmagn var aldrei lagt að Skálum.

There was never any electricity in Skálar.



Ljósmyndasafn Íslands / The National Museum Collection of Photographs and Prints.

Frá Skálum. / From Skálar.

17. Ker

Kerið, eða grútarkarið. Þangað lenti úrgangurinn sem til féll þegar fisklifur var brædd.

18. Pottar

Pottar þessir voru notaðir til að bræða lifur. Kynt var undir þeim með rekaviði. Ragnar Jónasson var einn þeirra sem vann við að bræða lifrina. Eitt sinn þegar hann var að störfum kviknaði í bræðslunni hjá honum og hann brenndist illa — missti nánast annað eyrað.

19. Bryggjan

Jóhann M. Kristjánsson lét steypa bryggjuna árið 1923. Hún var 26 metra löng og fjögurra metra breið. Bryggjan á Skálum hefur þá sérstöðu að við hana gátu bátar aldrei lagst. Það var sökum þess hve hátt hún stóð. Allur varningur sem um bryggjuna fór var hífður upp úr bátunum og upp á bryggjuna með bómu sem fest var í járnmastur framan við bryggjuna. Norðan við bryggjuna var tangi sem kallaður var Hnallurinn. Heimamenn reyndu að bæta lendingaraðstöðuna með því að lengja tangann, fyrst með því að bæta í hann grjóti, en síðar gripu þeir til róttækari aðgerða. Voríð 1929 hófst vinna við steiptan öldubrjót út frá Hnallinum. Öldubrjóturinn var allt að þremur metrum á hæð og norðan við hann var hlaðið grjóti. Allur sandur var sóttur til Skoruvíkur um fjögurra kílómetra leið, en mól suður að Skálabjargi. Þetta efni báru menn í pokum á baki sér að Hnallinum. Þessar miklu framkvæmdir, sem áttu sannanlega að vera til framfara í útgerð á Skálum, ollu vonbrigðum. Veturinn eftir framkvæmdirnar bar sjórinn grjót yfir öldubrjótinn og fyllti lendinguna. Hann kom þó að notum síðar, þó ekki væri á þann hátt sem ætlað var. Þar lágu karlarnir oft á tíðum fyrir fugli, sérstaklega á vorin. Þeir höfðu þá jafnvel vaktaskipti og skutu m.a. æðarfugl. Það var ein þeirra fjölmörgu leiða sem heimamenn höfðu til að sækja björg í bú.

17. Ker (Vat)

The vat or fish oil tub, where waste was deposited after processing fish liver.

18. Pottar (Tubs)

These tubs were used in the process of liquefying liver and were fired with driftwood. Cod liver was liquefied to obtain oil, which served many purposes: among other things, it was used as lamp oil, to treat leather, and for medicinal use. The liver liquefaction process carried a high risk of fire; once, the oil caught on fire and the man attending the process was severely burned, almost losing an ear.

19. Bryggjan (The pier)

The concrete pier in Skálar, twenty-six meters long and four meters wide, was built in 1923. It was notable in that boats could never be moored there as a result of its height. All goods brought here were hoisted from ships and up onto the pier with a jib that was attached to an iron mast on the end of the pier. North of the pier was a spit of land called Hnallurinn. The villagers tried to improve the docking conditions by adding to the spit, first by adding rocks, but then taking to more drastic measures: in the spring of 1929, they began work on a concrete dike. The dike was at least three meters high, and to the north of it rocks were stacked. Sand was brought from Skoruvík, four kilometers away, but gravel was brought from the south to the cliffs of Skálar. Villagers carried the sand and gravel in sacks on their backs to the spit. These great accomplishments that were truly intended to benefit Skálar's fishing industry proved to be a disappointment. The winter after the construction work, the sea carried rocks over the dike, which filled the landing. The dike did come into use later, though not for its original purpose. Men awaited the arrival of birds there in the spring, even taking shifts, and shot eider ducks among other fowl, one of the many ways the locals came up with to make their livelihood.



Willem van Blijderveen.

Bryggjan á Skálum stendur enn. / The pier at Skálar is still standing.

Jóhann M. Kristjánsson lét steypa bryggjuna árið 1923. Hún var 26 metra löng og fjögurra metra breið. Bryggjan á Skálum hefur þá sérstöðu að við hana gátu bátar aldrei lagst. Það var sökum þess hve hátt hún stóð. Allur varningur sem um bryggjuna fór var hífður upp úr bátunum og upp á bryggjuna með bómu sem fest var í járnmastur framan við bryggjuna.

The concrete pier in Skálar, twenty-six meters long and four meters wide, was built in 1923. It was notable in that boats could never be moored there as a result of its height. All goods brought here were hoisted from ships and up onto the pier with a jib that was attached to an iron mast on the end of the pier.

20. Bankahúslöft

Bankahúslöft var söltunarahús en hafði í gegnum tíðina ýmis önnur hlutverk, bæði tengd útgerð og menningu.

Dansað var á Bankahúslöftinu, leikin leikrit og haldnar jólaskemmtanir. Einnig var þar sagaður stórviður. Við það verk stóð einn maður niðri í gryfjunni og annar uppi á efra loftinu. Á milli sín höfðu þeir stórviðarsög sem var tveggja til þriggja metra löng.

Þegar minna var orðið um útgerð á Skálum var m.a. beitt í húsinu. Krakkarnir á Skálum beittu talsvert, en alltaf var einhver fullorðinn með þeim við verkið.

21. Brunnur

22. Sólbakki

Sólbakki var í eigu hjónanna Jóhanns M. Kristjánssonar útgerðarmanns og Þorgerðar Magnúsdóttur. Heimildum ber ekki saman um hvaðan húsið hafi komið. Annars vegar kemur fram að þau hjónin hafi látið flytja húsið frá Siglufirði en hins vegar að þau hafi keypt húsið af Stefáni Th. Jónssyni kaupmanni á Seyðisfirði. Sólbakki var stórt og vandað, tvílyft timburhús, 15,57 x 7,53 metrar að flatarmáli. Undir hluta hússins var steypur kjallari sem notaður var sem fjós og geymsla. Á jarðhæð voru átta herbergi og tvær forstofur. Á efri hæð voru átta herbergi, forstofa og gangur, og á loftinu fjögur herbergi. Verslun var rekin í hluta hússins. Sólbakki var höfuðprýði þorpsins. Árið 1933 var húsið tekið í sundur, flutt til Þórshafnar og reist aftur þar. Á Þórshöfn var Sólbakki samkomuhús, allt þar til það brann þann 3. október 1954.

Jóhann rak hótél í Sólbakka yfir sumartímann. Hann ferðaðist mikið og hafði siglt víða. Á ferðum sínum safnaði hann ýmsum munum. Tvö af þeim húsgöngum sem hann hafði með sér úr ferðum sínum, og voru í Sólbakka, vöktu sérstaka athygli: ljósakróna með kertum og forláta spegill. Þegar Jóhann flutti til Reykjavíkur voru þessir hlutir settir upp í Höfða í Reykjavík.

Sögusagnir um reimleika hafa fylgt húsinu. Eftirfarandi sögur eru komnar frá fólki sem eitt sinn bjó á Skálum:

„Systur mínar báðar unnu þarna á sumrin og það var mikið um að vera þarna yfir sumartímann svo náttúrulega lognaðist það með haustinu. Og þær sögðu mér það væri eitthvað á þessum stað sem væri ekki eðlilegt. En svo seinna meir sögðu þær mér að þegar allt fólkið var farið úr húsinu — úr Sólbakka — að þá voru strákahvolparnir að mana hvor annan til að sofa einn í húsinu og þeir eirðu því nú ekki — þeir voru svo logandi hræddir

20. Bankahúslöft

Although primarily used for salting fish, Bankahúslöft served a variety of other purposes over the years, both in relation to fishing and culture. It hosted dances, theatrical performances, and Christmas celebrations. During the times when there was not as much fishing in Skálur, the house was sometimes used as a place to bait hooks. The children often helped with this job, but there was always an adult present to supervise.

A shop once stood in the house next to Bankahúslöft.

21. Brunnur (Well)

22. Sólbakki

Sólbakki was a large, well-built two-story wooden house, 15.57 x 7.53 meters in size. Under part of the house was a concrete cellar that was used as a cowshed and storage room. The ground floor was divided into eight rooms and two entry halls; on the upper floor were eight rooms, a foyer, and a hallway; and there were also four rooms in the loft. Part of the house served as a shop, and a guesthouse was operated here during the summer. The owner of the house was a great traveler who had sailed to many places, collecting furniture among other things. There have been stories that the house was haunted.

Though Sólbakki was the biggest pride of the village, in 1933 it was dismantled and rebuilt in Þórshöfn. There it was used as a community meeting hall until it burned down on October 3, 1954.

23. Gömlu Skálar (Old Skálar)

The oldest house in the village, this house had two floors. Upstairs there were four bedrooms, a living room, and a hallway; the ground floor had a living room, a furnace room (which doubled as a storage room), a kitchen, and a pantry. There was a small cellar under the living room floor where pickles and other foods were stored. The last inhabitants of Skálar lived in this house until they moved from the village in 1946.

– þóttust heyra hitt og þetta. En svo kom einn – hann vildi nú helst ekki gera það en samt – þeir mönuðu hann til að gera það. Af því að hann var skyggn, hann vildi það helst ekki – hann vildi helst ekki gera það, en samt fór hann. Og hann lifði nú af nóttina en hann sagði það – að það væri reimt í húsinu. Það væru hjón með svona átta ára krakka sem væru þarna og gengju þarna laus.“

Guðbjörg Guðmundsdóttir, fyrrum íbúi á Skálum.

23. Gömlu-Skálar

Gömlu-Skálar voru elsta húsið í Skálaborpinu. Húsið var á tveimur hæðum. Á loftinu voru fjögur svefnherbergi, stofa og gangur. Á jarðhæð voru stofa og kyndingarherbergi (sem einnig var geymsla), eldhús og bú. Lítil kjallari var undir stofugólfinu þar sem geymdur var súrmatur og ýmis önnur matvæli. Í upphafi 20. aldar bjuggu þar Jóhann Stefánsson og eiginkona hans, María Friðriksdóttir. Þau voru þá í leiguabúð á Skálum en keyptu síðan jörðina 1905. Árið 1920 byggðu þau Nýju-Skálar og fluttu þangað. Tvær fjölskyldur leigðu bæinn af Jóhanni og bjuggu þar 1920, annars vegar hjónin Sigurður Einarsson formaður og Þórdís Stefánsdóttir, hins vegar Stefán Jónsson og Soffía Helgadóttir. Árið 1948 fluttu hjónin Jóhanna Hansen og Lúðvík Jóhannsson í Gömlu-Skálar.

24. Betlehem

Guðmundur Guðbrandsson og Kristín Daníelsdóttir bjuggu í Betlehem kringum 1930.

25. Bakki

Hjónin Sigurður Jónsson og Hólmfríður Sigurgeirsdóttir byggðu Bakka laust eftir 1920. Húsið var úr timbri, ein hæð og loft, 6,27 x 3,76 metrar að grunnfleti. Fjölskyldan flutti til Þórshafnar eftir að Bakki eyðilagðist þegar tundurdufl sprakk í fjörinni. Fósturdóttir þeirra, Stefanía, var sú eina sem slasaðist vegna tundurduflasprenginganna á Skálum. Stór og þung lugt sem hékk yfir rúmi hennar féll niður og lenti á enni hennar, svo hún hlaut af stóran skurð.

Sigurður á Bakka átti rófugarð sem sést móta fyrir í brekkunni sunnan við bæinn. Sigurður og Hólmfríður eignuðust seinna hús á Þórshöfn sem einnig var kallað Bakki.

24. Betlehem

The foundation of a dwelling.

25. Bakki

Built after 1920, this wooden house had one story and a loft and was 6.27 x 3.76 meters. The family living here moved to Þórshöfn, the next village, when a naval mine explosion destroyed Bakki. Their foster daughter was the only person injured by the explosions in the village: a large, heavy oil lamp above her bed fell straight onto her forehead, leaving a deep gash.

26. Snjöhús (Snow house)

This is one of many such houses that the inhabitants of Skálar built; villagers filled the houses with snow in the winter and sold it to boat owners in the summer.



Þjóskjalasafni Bandaríkjanna, NARA / The National Archives and Records Administration, NARA

Frá Camp Greely. / From Camp Greely.

Skálastúfur

Einhverju sinni þegar Skálamenn voru á sjó út af Lambeyri sáu þeir hvítt flikki í fjörunni sem þeir héldu vera hvalþjós. Þetta var á búskaparárum Guðmundar Sigurðssonar sem byggði jörðina á árunum 1850–1889. Vinnumaður Guðmundar hafði orð á því að réttast væri að hirða þjósina og sjóða handa kúnum. Reru þeir að landi til að athuga þetta nánar. Kom þá í ljós að þetta var hluti af sjóreknu karlmannslíki, nánar tiltekið miðhlutinn frá mjóhrygg niður að hnésbótum. Var líkið flutt heim að Skálum og dysjað við túngarðinn, því Skálamönnum fannst ekki taka því að flytja það alla leið heim að Sauðanesi til greftunar í kirkjugarði. Það var vanhugsað. Ekki hafði aðkomumaður legið lengi í dysinni er hann fór að gera vart við sig þar á heimilinu og birtast á undan þeim Skálamönnum þegar þeir fóru á aðra bæi. Varð hann um tíma frægur draugur og nefndur Skálastúfur. Hann var þó ávallt meinlaus en glettinn og stríðinn við heimamenn. Eitt algengasta hrekkjabragð hans var að standa í fjárhúsdryrum þegar láta átti inn sauðfé að kvöldi. Vildi þá engin skepna inn ganga fyrr en rekinn hafði verið vænn járnfleinn í leiði Skálastúfs, þá rann féð viðstöðulaust inn.

Þegar Skálamenn fóru í kaupstað til Þórshafnar gistu þeir oft á Heiði. Þar bjó lengi Davíð Jónsson. Vissi fólk að á Heiði jafnan fyrir um komur þeirra á því að nautgripir gerðust órólegir í fjósi, öskruðu og æddu um á básum sínum. Þá reyndust Skálamenn rétt ókomnir. Ýmsir sáu Skálastúf en margir þeirra aldrei í mannsmynd, heldur eins og hnykil sem valt áfram þegar hann hreyfði sig. Svo rammt kvað að kauða að almælt var að Vilhjálmur Guðmundsson Skálabóndi, sem tók við jörðinni af áður nefndum Guðmundi föður sínum, hefði orðið fyrir svo miklu ónæði af Skálastúfi að hann hefði farið frá jörð sinni árið 1889 og að Eldjárnsstöðum.

Eins og að líkum lætur reyndu Skálamenn að koma Stúfi af höndum sér. Sennilegast þótti að líkið væri af skútusjómanni og að hann vildi hafa eitthvað það hjá sér sem minnti á jarðveru sína og vistina á sjónum. Var það ráð þá upp tekið að ná í nagla úr skipsflaki á Skálafjöru og reka hann í leiði Stúfs. Varð hans ekkert vart upp frá því. Yngri sögn er líka til; sú að búkurinn hafi verið grafinn upp og brenndur úti á Fonti og öskunni dreift í sjóinn.

Drauma Jói, sá í svefni Skálastúf í lifanda lífi og lýsti honum nákvæmlega. Þótti lýsing hans sanna að Stúfur hefði verið sjómaður á franskri fiskiduggu.

(Friðrik G. Olgeirsson, 2000, bls. 51)

Skálastúfur

Once, when men from Skálar were at sea near the sandbank Lambeyri, they spotted a large white mound on the shore that they believed to be whale blubber. This was during the time Guðmundur Sigurðson lived there, between 1850 and 1889. Guðmundur's foreman suggested that they take the blubber and boil it for the cows, and so they rowed ashore to have a better look. At this point they realized this was a part of a man's body—to be precise, from the middle of the spine down to the knees—that had been in the sea for some time. The body was brought to Skálar and buried by the homefield, as the men of Skálar didn't find it worth the trouble to carry it to Sauðanes and bury it in the churchyard. But perhaps this was a rash decision. The body had not been long in its grave before it began to make its presence known in the people's homes and traveled before the men of Skálar when they went elsewhere. For some time he was a well-known ghost and was called Skálastúfur; he was harmless and rather mischievous with the locals. One of his most common pranks was to stand in the sheep shed doorway when the sheep were to be put in at night; no animal would then walk inside. But there was no effort getting the sheep into the shed once the villagers put an iron spear through Skálastúfur's grave.

When men from Skálar went to town to Þórshöfn, they often stayed at Heiði, where a man named Davíð Jónsson used to live. The people living in Heiði usually knew when people from Skálar were coming because the cows and bulls grew restless, screaming in their stalls—that meant the men of Skálar were just around the corner. For many of those who saw Skálastúfur, he did not so much appear as a human being but rather as an irregularly shaped ball rolling around on the floor when he moved. So much of a disturbance did this ghost create that it became general knowledge that the farmer Vilhjálmur Guðmundsson, who inherited his land from his father, was so troubled by him that in 1889 he moved to Eldjárnsstaðir.

Not surprisingly, the villagers wanted to rid themselves of this ghost. Most likely, he was once a sailor and wanted to have something with him to remind himself of his existence and his life on the sea. The villagers decided to get a nail from a shipwreck on Skálar's shore and nail it into Skálastúfur's grave. From that time on, the ghost did not reappear. A more recent story claims that the body had been dug up and burned and the ashes scattered at sea.

In his sleep, "Dreamer Jói" saw Skálastúfur when he was still alive and described him in detail. The villagers took this description as proof that Skálastúfur had been a sailor on a French yacht.

(Friðrik G. Olgeirsson, 2000, p. 51)

26. Snjóhús

Eitt af fjölmörgum slíkum húsum sem íbúar Skála gerðu sér. Húsin fylltu þeir af snjó á veturna og seldu síðan útgerðamönnum á sumrin.

27. Brunnur

28. Öfund

Öfund var torfbær að hálfu en stafnar og framhlið úr tré. Magnús Guðbrandsson byggði húsið. Kona hans var Hólmfríður Sveinbjörnsdóttir. Þau fluttu frá Skálum í Hrollaugsstaði.

Seinna keyptu Hans Maríus Hansen útgerðarmaður og kona hans, Halldóra Helgadóttir, bæinn. Maríus var Færeyingur og átti þrjú börn af fyrra hjónabandi. Tvö þeirra urðu eftir í Færeyjum en Samúel sonur hans kom með Maríusi til Íslands. Samúel druknaði í lendingunni á Skálum.

29. Hlaðinn brunnur

Víða í Skálaþorpinu voru brunnar. Allt neysluvatn var borið í hús.

30. Mógrafir

Þó nokkrar mógrafir eru í Skálaþorpinu. Víða um land má finna merki um slíkar grafir. Möguleikar til mótekju voru meðal þess sem gerði staði ákjósanlegri til ábúðar fyrr á tímum.

31. Laufás

Laufás, lítill bær úr torfi og timbri, byggður kringum 1920. Þar voru til húsa 1920 og 1930 Jónas Albertsson sjómaður og Sælaug Sigurgeirsdóttir, kona hans.

32. Verbúð

Hugsanlega í eigu Öldunnar hf. Fyrirtækið átti talsverðar húseignir á Skálum, m.a. fjögur íbúðarhús, atvinnuhúsnæði og verbúðir.

27. Brunnur (Well)

28. Öfund

Öfund was partially a turf house, but its front was made from wood. For a while, a married couple and their three children lived here. The man of the house, Hans Maríus Hansen, was originally from the Faeroe Islands and had three children from a previous marriage; two of them remained in the Faeroes, but his son Samúel followed him to Iceland, only to drown in the landing at Skálar.

29. Hlaðinn brunnur (Stacked well)

Wells could be found throughout the village, and all drinking water was carried to homes.

30. Mógrafir (Peat bogs)

There are a couple of peat bogs in Skálar; remnants of such bogs can be found all throughout Iceland. Peat from marshlands was taken in clods from the bogs and dried, then used for heating houses. In former times, the availability of peat was one factor that made a place an appealing location to live.

31. Laufás

Laufás was a small turf and timber house built around 1920.

32. Verbúð

During the summer, fishermen who sailed from Skálar lived in this house, which belonged to ship owners. It was common for men to travel from place to place according to the seasons in order to fish. For example, men came here to Langanes in the summer and went to the south of Iceland during the winter, when it was not possible to sail here in the north.



Þjóðskjalasafn Bandaríkjanna, NARA / The National Archives and Records Administration, NARA

Camp Greely um 1943. / Camp Greely around 1943.

Camp Greely

Seinni heimsstyrjöldin hafði mikil áhrif á líf Skálabúa. Í ágúst og september 1940 voru nokkrir breskir hermenn við strandvörslu á Skálum. Þeir bjuggu í tjöldum í þorpinu við rýran kost. Þann 1. apríl 1942 komu svo bandarískir hermenn að Skálum. Bandaríski herinn byggði upp ratsjárstöð á malarkambinum ofan við þorpið og kallaðist stöðin Camp Greely.

Heimamenn höfðu talsverð samskipti við hermennina í Camp Greely og samskiptin voru á vinsamlegum nótum. T.d. gáfu dátarnir börnum og fullorðnum niðursuðuvörur. Eitt sinn, er haldin var jólaskemmtun á Skálum, komu hermennirnir með gjafir handa börnunum, sælgæti og leikföng. Einnig buðu þeir heimamönnum í bíó.

Camp Greely

World War II greatly affected the lives of the people of Skálar. In August and September 1940, a few British soldiers guarded the coast and lived rather poorly in tents in the village. But on April 1, 1942, American soldiers came to Skálar and built a radar station on the gravel bank above the village. This station was called Camp Greely.

The locals had a considerable amount of contact with the soldiers in Camp Greely, and their communication was always on a friendly basis. The soldiers gave canned goods to the families, and once during a Christmas celebration in Skálar, they brought gifts of candy and toys for the children. They also invited the locals to the movies they showed at the Camp.

33. Fjánhús

Búfjáreign var almenn á Skálum. Flestar fjölskyldur áttu nokkrar kindur, eina til tvær kúr og einn til tvo hesta til flutninga.

34. Stefánshús

Verbúð sem Stefán Th. Stefánsson byggði á blómaskeiði Skálaþorpsins. Verbúðirnar voru aðeins notaðar á sumrin.

35. Sigurveigarhús / Björns Brimarshús

Hjónin Björn Brimar Sæmundsson og Sigurveig G. Sveinsdóttir byggðu húsið árið 1925. Sigurveigarhús var þriggja herbergja timburhús. Björn var sjómaður. Fyrsti blómagarður á Langanesi var ræktaður við Sigurveigarhús.

36. Grafreitir

Grafreitirinn, sem vígður var 9. júlí 1924, er töluvert sunnan við þorpið sjálft. Í honum eru grafir 20 manna. Marius Hansen „geymir garðinn“, þ.e.a.s. hann var sá síðasti sem þar var jarðaður.

Prestur var aldrei á Skálum. Lík voru því látin standa uppi og þegar presturinn kom var haldin húskveðja. Kisturnar voru síðan fluttar á hestum upp í garðinn.

33. Fjánhús (Sheep shed)

It was common to own livestock in Skálar. Most families owned a few sheep, one or two cows, and for transportation, one or two horses.

34. Stefánshús (Stefán's House)

A fishermen's station.

35. Sigurveigarhús / Björns Brimarshús (Sigurveig's/Björn Brimar's House)

A three-room timber house built in 1925. A married couple lived here with their four children; the head of the household was a fisherman. The first flower garden in Langanes was grown here.

36. Grafreitir (Graveyard)

Consecrated on July 9, 1924, the graveyard is considerably south of the village itself. It contains twenty individual graves. As Marius Hansen was the last person to be buried here, he is known as the "guardian of the graveyard." Because there was not a priest living in Skálar, corpses were laid out and wakes held when the priest came from Sauðanes. The coffins were then borne by horses to the graveyard.



Þjóðskjalasafn Bandaríkjanna, NARA / The National Archives and Records Administration, NARA



Þjóðskjalasafn Bandaríkjanna, NARA / The National Archives and Records Administration, NARA

Hermenn úr Camp Greely í loftvarnabyssuhreiðri. A.m.k. tvö slík voru á Langanesi.
Soldiers from Camp Greely in an anti-aircraft bunker, at least two of which were in Langanesi.

37. Camp Greely

Bandaríkjamenn byggðu upp ratsjárstöð á hæðunum ofan við Skála haustið 1942. Áður höfðu verið á Skálum strandvarðstöðvar, fyrst mannaðar breskum hermönnum sumarið 1940, síðan Bandaríkjamönnum, sumarið 1942. Staðsetningin þótti einstaklega góð til að fylgjast með óvinaflugvélum út af Norðausturlandi. Stöðina kölluðu Bandaríkjamenn Camp Greely. Í Camp Greely, þar sem 46 hermenn dvöldu, voru 24 braggar og 12 metra hátt ratsjarmastur. Götur voru lagðar um braggahverfið og vegur niður í þorpið. Enn má finna merki um þessar vegaframkvæmdir.

37. Camp Greely

In the fall of 1942, Americans built a radar station on the hill above the village. There had previously been a coast guard station in Skálar, first manned by British soldiers in the summer of 1940 and later by Americans in the summer of 1942. The location was thought to be particularly good for monitoring enemy airplanes from the northeast. The Americans named the station Camp Greely. Forty-six soldiers lived here, and there were twenty-four Nissen huts and a twelve-meter-high radar mast. Streets were built around the Nissen hut neighborhood and there was a road that led down to the village. Remnants of this road construction can still be found.



Willel van Blijderveen.

Húsið sem uppi stendur er Tótu- og Ragnarshús, stundum kallað Litla steinhúsið. / The house that remains standing is Tóta and Ragnar's House, sometimes called "the little stone house."

Rústir sem ekki eru merktar inn á yfirlitsmynd

Strandhöfn

Bærinn Strandhöfn var næst grafreitnum. Þar bjuggu um tíma Guðmundur Guðbrands-son og Kristín Danielsdóttir. Bærinn var lítill torfbær með timburstafni og var efniviðurinn í húsið fenginn úr skipi sem strandaði við Bjargána.

Kríustaðir

Annað tveggja húsa sem fyrirtækið Aldan lét byggja í kringum 1920. Litill torfbær með einni timburhlið. Þar bjuggu Svanfríður Helgadóttir og Benedikt. Sagan segir að eitt sinn hafi Skálabræður tjargað fyrir gluggana á Kríustöðum í skjóli nætur. Þann daginn birti ekki á Kríustöðum og heimilisfólkið fór ekki á fætur.

Stekkurinn

Græna túnið töluvert innan við Strandhöfn, sem liggur alveg fram á bjargbrúnina. Maríus Hansen ruddi þetta tún. Grjótið úr flaginu bar hann á sjálfum sér úr túninu.

Sigguhús

Húsráðandi í Sigguhúsi árið 1930 var Jóhanna Sigríður Stefánsdóttir. Hún var systir Jóhannans Skálabóna. Jóhann bóndi og Guðmundur Guðbrandsson eru sagðir hafa byrjað að byggja húsið að morgni dags og að kvöldi sama dags hafi Sigríður flutt í húsið. Fyrir hafði þó verið einhver húsgrunnur.

Sæból

Sæból var einnig kallað Jónshús. Þar bjuggu Jón Guðmundsson útgerðarmaður og kona hans, Margrét Elíasdóttir. Jón átti tvö íbúðarhús á Skálum, annað úr timbri, hitt steinsteypt. Óljóst er hvort hann var búinn að byggja þau bæði árið 1920. Jón Magnússon keypti húsið af Jóni Guðmundssyni. Kerruvegur lá upp að húsinu og steyptr brunnr fyrir neðan það.

Gustuk

Lítill tóft fyrir neðan Sæból. Nafnið er þannig til komiða að eitt sinn kom fátækt fólk í Skálar og vildi setjast að. Allir Skálabúar lögðu þá eitthvað til svo fólkið gæti byggt þetta hús.



Willem van Blijderveen.

Rústir íshússins / frystihússins á Skálum. / Ruins of the freezing plant in Skálur.

Marius Hansen Færeyingur

Færeyingar réru mikið út frá Skálum á sumrin. Einn þeirra, Marius Hansen, settist að á Skálum, kvæntist og eignaðist marga afkomendur. Saga Mariusar er um margt áhuga-verð. Hann var mikill framkvæmdamaður og m.a. ruddi hann túnblett við Skálur. Hann hélt við ýmsum siðum frá Færeyjum og minnst barnabörn hans þess að fátt mátti gera á sunnudögum; ekki slá, ekki klippa, ekki þrjóna og svo mætti lengi telja. Marius talaði blöndu af íslensku og færeysku. Með tímanum fór hann að undrast hversu mikið Færeyingum fór aftur í eigin tungumáli — taldi það vera orðið verulega dönskuskotið — en þá var hann hættur að skilja landa sína almennilega. Barnabörn hans hentu gaman að því að afi þeirra kallaði flugvélar alltaf flyggvara og inniskó skeggvana.

Marius kom frá Sauvogi í Færeyjum þar sem hann hafði verið kvæntur áður en misst konu sína og tvö börn úr veikindum. Hann átti þrjú börn á lífi er hann flutti til Íslands. Son sinn Samúel tók hann með sér, en Bína og Hans Nikulas urðu eftir í Færeyjum. Samúel druknaði í lendingunni við Skála. Marius gat ekki sætt sig við andlát hans og lá hjá honum í tvo sólarhringa til að kanna hvort hann myndi ekki lifna við ef hann næði í hann hita. Marius sneri ekki aftur til Færeyja og hitti því börn sín þar aldrei aftur, en Halldóra eiginkona hans, sem var mikill skörungur, ferðaðist þangað einu sinni til að heimsækja þau. Sú kona vílaði hlutina ekki fyrir sér; eitt sinn gekk hún til Húsavíkur til að sækja verslunarleyfi fyrir Marius.

Marius Hansen of the Faeroe Islands

The Faeroese often sailed from Skálur during the summers. One of these men, Marius Hansen, settled permanently in Skálur and went on to have a large number of descendants. Marius's personal history is interesting for many reasons. Among other things, he was a great entrepreneur, and he made a hayfield by Skálur. Marius retained various traditions from his life in the Faeroe Islands. For one thing, his grandchildren remember that few activities were allowed on Sundays: one was not permitted to mow the hayfield, attend to the harvest, knit, and so on. Marius spoke a mixture of Icelandic and Faeroese; over time, he began to think Danish was permeating the Faeroese language too much, but by then he had lost his ability to fully understand his own countrymen. His grandchildren found it amusing that Marius sometimes used strange words of his own. For instance, instead of the Icelandic word for airplane, “flugvélar,” he would say “flyggvara,” and he referred to slippers—in Icelandic, “inniskó”—as “skeggvana.”

Originally from the village of Saugvogur in the Faeroe Islands, Marius lost his first wife and two children to illness. Of his three surviving children, two of them, Bína and Hans Nikulas, remained in the Faeroes, but his son Samúel followed him to Iceland. However, Samúel drowned when his ship landed at Skálur. Marius could not accept his son's death and lay by his side for two days and nights in the hope that Samúel could be revived if he were kept warm enough. Marius never returned to the Faeroes to see Bína and Hans Nikulas, but his second wife Halldóra, who was a strong-willed and determined woman, traveled there once to visit them. Halldóra never made a fuss about anything; once she even walked all the way to Húsavík to get a trade license for Marius.

Heimildir

Fríðrik G. Olgeirsson. *Langnesingasaga* (2000). *II Saga byggðar á Langanesi frá 1918 til 2000*, bls. 24–52. Þórshafnarhreppur. Reykjavík.

Þóra G. Sigurðardóttir. (1985.) Skálar á Langanesi. Þórarinn Þórarinsson, Þórarinn Kristjánsson og Halldór Sigurðsson (í ritnefnd.) *Land og Fólk: Byggðasaga Norður-Þingeyinga*, bls. 192–199. Útgáfustaður óþekktur: Búnaðarsamband Norður-Þingeyinga.

Heimildamenn:

Georg Ragnarsson

Guðbjörg Guðmundsdóttir

Gunnar Guðmundsson

Ásdís Lúðviksdóttir

María Friðriksdóttir

Þórunn Þorsteinsdóttir

References

Fríðrik G. Olgeirsson. *Langnesingasaga / The story of the people of Langanes* (2000). *II Saga byggðar á Langanesi frá 1918 til 2000 / Part II: The story of the settlement of Langanes from 1918 to 2000*, pp. 24–52. Reykjavík: Þórshafnarhreppur.

Þóra G. Sigurðardóttir. Skálar á Langanesi / Skálar on Langanes (1985). Þórarinn Þórarinsson, Þórarinn Kristjánsson and Halldór Sigurðsson (eds.), *Land og Fólk: Byggðasaga Norður-Þingeyinga / Country and People: The Settlement Story of Norður-Þingeyingar*, pp. 192–199. Unknown location: Búnaðarsamband Norður-Þingeyinga / Farmers' Association of Norður-Þingeyingar.

Oral references:

Georg Ragnarsson

Guðbjörg Guðmundsdóttir

Gunnar Guðmundsson

Ásdís Lúðviksdóttir

María Friðriksdóttir

Þórunn Þorsteinsdóttir



Útgefandi / Published by: Langanesbyggð 2009
Texti / Text: Sif Jóhannesdóttir
Þýðendur / Translators: Shauna Laurel Jones & Vilborg Ólafsdóttir, Koma orðum að ehf.
Ljósmyndir / Photos: Ljósmyndasafn Íslands / The National Museum Collection of Photographs and Prints
Þjóðskjalasafn Bandaríkjanna, NARA / The National Archives and Records Administration, NARA
Willem van Blijderveen
Hönnun / Design: Uppheimar, Aðalsteinn Svanur Sigfússon
Prentun / Printing: Ásprent Stíll

Styrkaraðili / Sponsored by:





SKÁLAR Á LANGANESI

Á Skálum eru sýnilegar miklar minjar um þorpið sem þar spratt upp á fyrri hluta 20. aldar og var komið í eyði um miðja öldina. Skálaþorpið var ein stærsta verstöð sem byggst hefur upp á Norðausturlandi. Þegar mest var voru íbúar þorpsins 117 talsins, en meðan á sumarvertíð stóð höfðu yfir 200 manns þar aðsetur. Sjá má minjar um búskap, útgerð og daglegt líf þeirra sem á Skálum bjuggu. Í þessum bæklingi er leitast við að gefa innsýn í líf þeirra sem lifðu og störfuðu á Skálum.

Many relics and remnants remain of Skálar, a village that sprang up in the early 1900s and was deserted in the mid-20th century. Skálar was one of the largest fishing stations built in northeast Iceland. At its peak it had 117 permanent residents, but during the summers over 200 people were based there. Visitors can see evidence of farming, fishing, and other aspects of daily life. This booklet is intended to provide insight into the lives of the people who once lived and worked in Skálar.